

Nd.

**376. Frumvarp til laga**

[168. mál]

um breyting á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

2. tl. 45. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, orðist svo:  
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri upphæð frá sýningardegi.

2. gr.

2. tl. 46. gr. sömu laga orðist svo:  
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri fjárhæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.

46. gr. a sömu laga falli úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í frumvarpi þessu er lagt til, að teknir verði upp dráttarvextir, sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, vegna vanskilatékka. Dráttarvextir vegna tékkaskulda yrðu þá 1% pr. mánuð eða brot úr mánuði, að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana. Kæmu þessir dráttarvextir í staðinn fyrir heimild tékkahafa til að krefjast af þeim, er hann leitar fullnustu hjá, vaxta af þeirri upphæð, sem eigi var greidd, samkvæmt 2. tl. 45. gr. l. nr. 94/1933, sbr. 46. gr. a sömu laga. Á sama hátt kæmi nýja fyrirkomulagið í stað heimildar þess, sem tékka leysir til sín, til að krefjast af þeim tékkaskuldurum, sem ábyrgð bera gagnvart honum, vaxta af þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt, frá þeim degi, er hann greiddi hana, samkvæmt 2. tl. 46. gr. l. nr. 94/1933, sbr. 46. gr. a sömu laga. Vaxtahækkun sú, sem felst í þessari breytingu, er talin nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að draga úr misnotkun tékka.

Um 1. gr.

Hér er tékkhafa leyft að krefjast af þeim, sem hann leitar fullnustu hjá, dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeim hluta tékkafjárhæðarinnar, sem eigi var greidd, í stað vaxta af þeirri upphæð skv. 2. tl. 45. gr. laga um tékka, sbr. 46. gr. a sömu laga.

Um 2. gr.

Sá, sem tékka leysir til sín, getur samkvæmt þessu nýmæli krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum, dráttarvaxta eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt, frá þeim degi, er hann greiddi hana, í stað vaxta, skv. 2. tl. 46. gr. laga um tékka, sbr. 46. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Fellt er úr gildi ákvæði 46. gr. a í lögum um tékka. Ákvæði þetta er á þá leið, að séu almennir útlánsvextir banka hærri en sex af hundraði á ári, er heimilt að krefjast vaxta af tékka í samræmi við það, þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr. laganna.